

EUMA - NETFRÉTTIR

4.TBL. 9.ÁRG.

SEPTEMBER 2009

Ráðstefnan í Ljubliana

Þátttaka frá Íslandi verður með minnsta móti í ár. Einungis fara tvær stjórnarkonur út í ár, formaður og gjaldkeri og er það gert til þess að draga úr kostnaði. Þetta er bein afleiðing fjármálahrunsins.

Stjórnarfundir

Stjórnin hefur haldið nokkra stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi og farið í gegnum fundargerðir frá vorfundi samtakanna í Manchester í vor, en það er margt sem gera á og þá sérstaklega í málefnum kynningarfulltrúa

Stjórnin fundaði 25. ágúst og setti saman vetrardagskrána sem kynnt verður á fundi þ. 8. september n.k. Fundarstaður auglýstur síðar. Á þessum sama fundi þarf að bera fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar þar sem ekki náðist að ljúka reikningsgerð fyrir aðalfund í vor. Eins og áður var það Guðni Gústafsson sem sá um reikningsgerð.

Greinar og viðtöl

Eitt af því sem kynningarfulltrúi á að gera er að útvega greinar til þess að setja inn á heimasíðu samtakanna og í Proactive. Einnig á kynningarfulltrúi að vera með viðtöl og birta það á vefnum. Það er ósk stjórnar að konur taki vel á móti kynningarfulltrúa þegar hann biður um efni fyrir heimasíðu og blað. Þetta er kærkomið tækifæri fyrir félagskonur að láta ljós sitt skína.

Kynningar- og fræðslunefnd

Á aðalfundi í vor var samþykkt að sameina fræðslunefnd og vefsíðunefnd. Það er í verkahring þessarar nefndar að sjá um að uppfæra efni á heimasíðu samtakanna ásamt því að vera stjórn innan handar með fræðsluefni o.fl.

Stjórn samtakanna sendi formanni fyrir skömmu síðan þær tillögur sem efstar stóðu í vali um þema á námskeiðinu sem halda á í Finnlandi næsta vor. Formaður sendi tölvupóst á allar félagskonur og bað þær um að velja hvað væri efst á óskalistanum og fékk þemað „Self Development Management“ flest atkvæði. Þessu var komið til aðalstjórnar. Einnig óskuðu margar eftir því að haldið yrði námskeið hér með þessu efni. Stjórn fer væntanlega út á þennan vorfund og í framhaldi af því er tilvalið að halda námskeið með þessu efni hér á landi.

Aðrar fréttir

Ingrid Kuhlmann var boðið að koma til Kýpur og vera með fyrirlestur hjá vinum okkar þar niður frá. Guðrún Erla Leifsdóttir var með kynningu á félaginu okkar hjá Félagi íslenskra læknaritara á Hótel Glym í Hvalfirði í apríl sl.

IMPETUS

Impetus er kominn út með mörgu áhugaverðu efni. Þetta er í bili amk síðasta prentvæna útgáfan, þar sem það er okkur of dýrt að gefa það út í þessu formi. Næsta útgáfa verður rafræn.

Þáttur félagsmanns

Stjórnin hefur áhuga á því að þessi liður verði aftur tekinn upp á fundum og vonumst við eftir jákvæðum viðbrögðum þegar leitað verður til félagskvenna.

Heimasíða EUMA Nýtt aðgangsorð

Frá og með **4. september 2009** breytist aðgangsorðið að heimasíðunni okkar.



Tími sveppatíslu er núna.